



Innkaupa- og framkvæmdaráð

Útboð á starfsmannafatnaði MIR 16229

Tilboð í ofangreindu útboði voru opnuð þann 24. mars 2026 og skiluðu 9 fyrirtæki inn tilboði, þar af voru tvö tilboð ógild þar sem þau stóðust ekki fjárhagsskoðun.

Við mat á tilboðum var litið til afsláttarprósentu og getu til að merkja og afhenda fatnað í samræmi við skilmála útboðsgagna. Um er að ræða almennt útboð í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 120/2016, útboðið var auglýst á EES. Þetta er fyrsti rammamningur Menningar- og íþróttasviðs um kaup á starfsmannafatnaði og gerður til þess að ná utan um kaup sviðsins og ná fram hagræði í innkaupum. Hámarksvirði samningsins er 100.000.000 kr. m. vsk. á fjögurra ára tímabili.

Lagt er til við Innkaupa- og framkvæmdaráð að gerður verði rammamningur alla þá aðila sem stóðust fjárhagsskoðun innkaupaskrifstofu og tæknilegt mat Menningar- og íþróttasviðs, Haga ehf., Bros auglýsingavörur ehf., Margt smátt ehf., Húsasmiðjan ehf. Fagkaup ehf., Vinnuföt ehf. og Martex-Batik ehf.

Virðingarfyllt

Jóhanna Garðarsdóttir

Menningar- og íþróttasvið
Fjármáladeild

Hjálagt: Opnunarfundargerð